

Nd.

236. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 88, 14. nóv. 1917, um notkun bifreiða.

Flutningsm.: Pjetur Þórðarson.

Á eftir 2. gr. kemur ný grein, svo hljóðandi:

Á eftir 12. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Rjett er, í reglugerð, sem sett er samkvæmt lögum þessum, að ákveða lágmark hvíldartíma í sólarhring hverjum fyrir bifreiðarstjóra, með hæfilegri hliðsjón af hættu, sem stafað gæti af ofþreytu eða svefnleysi.

Greinatalan breytist eftir því.